

AUGLÝSING

um gildistöku þeirra ákvæða laga nr. 45 12. maí 1965, um eftirlit með útlendingum, er varða samvinnu milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um útlendingaeftirlit.

Ákveðið hefur verið samkvæmt heimild í 2. málsg. 22. gr. laga nr. 45 12. maí 1965, um eftirlit með útlendingum, að ákvæðin í 2. og 3. málsg. 5. gr., 1. málsg. 10. gr., 1. og 2. málsg. 12. gr. og 4. og 5. tölul. 2. málsg. 17. gr. laganna skuli öðlast gildi gagnvart Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hinn 1. október 1965.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. september 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 83.

21. ágúst 1965.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í einkaerindum til útlanda. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 21. ágúst 1965.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 84.

8. maí 1965.

AUGLÝSING

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 64/1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o.fl.

Eftir tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands í dag gert þá breytingu á forsetaúrskurði nr. 64 frá 20. nóvember 1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., að ráðherra Magnúsi Jónssyni eru falin ráðherrastörf þau, sem Gunnari Thoroddsen voru falin í nefndum úrskurði.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Í forsætisráðuneytinu, 8. maí 1965.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.